

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsrn  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. apríl 2016  
UST201604-030/B.S.  
10.05.05

### Efni: Rannsóknarleyfi – Drekasvæði. Umsögn

Um er að ræða umsókn um leyfi til hljóðendurvarpsmælinga á norðanverðu Drekasvæði.


Á undanförunum árum hefur nokkuð verið fjallað um neikvæð áhrif slíkra rannsókna, sjá m.a. **A Review of the Impacts of Seismic Airgun Surveys on Marine Life**, 14. nóvember 2013. Þar kemur fram að hljóðendurvarpsmælingar eru taldar annar mesti hávaðavaldur í heimshöfunum.


Talið er að slíkar mælingar geti haft ýmis neikvæð áhrif á sjávarspendýr og aðrar lífverur í hafinu. Niðurstaða greinarinnar er eftirfarandi: „*Seismic airgun noise must be considered a serious marine environmental pollutant.*“

Umhverfisstofnun telur eftir að hafa kynnt sér gögn um hljóðendurvarpsmælingar að þær geti haft neikvæð áhrif á einstök dýr, en ógni vart viðgangi heilla tegunda.

Umhverfisstofnun telur að við mælingarnar eigi að nota þær mótvægisáðgerðir sem beitt hefur verið til að fæla sérstaklega sjávarspendýr frá upptökum hljóðbylgja og forða þeim þannig frá neikvæðum áhrifum.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri